

Fljótaá 1996


Tumi Tómasson

Hólum, maí 1997

VMST-N/97004

Eintak bókasafns

VMST-N/97004



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild


Fljótaá 1996

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1997

VMST-N/97004

VEIÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Fljótaá 1996

Inngangur

Í lok mars 1994 var Stífluvatn tæmt og opnuð botnlokan í stíflunni til viðhalds og viðgerða. Við það hljóp mikill aur fram í árfarvegin og barst niður í vatn. Olli atburður þessi verulegri röskun á lífríki árinna og var tjónið metið síðar um sumarið (Tumi Tómasson 1994). Á grundvelli þessa mats sömdu Rafmagnsveitur ríkisins og veiðifélag Miklavatns og Fljótaár um bætur sem fólust í seiðasleppingum árin 1994-96 og var Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar falið að hafa umsjón með framkvæmd þeirra og meta hvernig best væri að standa að þeim. Bati lífríkisins varð hægari en reiknað hafði verið með vegna mikilla vatnavaxta sumarið 1995 og ákvarðana sem teknar voru í framhaldi af þeim (Tumi Tómasson 1995).

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ástandi lífríkis árinna sumarið 1996 og veiðinni það sumar.

Veiðin 1996

Samkvæmt skráningu í veiðibók veiddust í Fljótaá 73 laxar og 6931 bleikja sumarið 1996. Bleikjuveiðin var fremur dræm framan af, en batnaði mikið þegar leið á júlí og varð að fjölda til mjög áþekkt veiðinni árin 1994 og 1995 (Tafla 1). Bleikjan var sérlega væn enda var hún í miklu æti, einkum loðnu, í Miklavatni um vorið og fyrri hluta sumars. Laxveiðin varð hins vegar léleg og var vel innan við 50% af meðalveiði og enn lakari en hún varð árin 1994 og 1995 (Tafla 1). Hún skiptist þannig að 44 voru smálaxar, þ.e. laxar að ganga í ána til hrygningar eftir eitt ár í sjó, og 29 voru stórlaxar eða um 40% veiðinnar.

Tafla 1. Veiðin í Fljótaá síðustu þrjú sumur samkvæmt skráningu í veiðibækur.

Ár	Laxveiði			Bleikjuveiði
	smálax	stórlax	samtals	
1996	44	29	73	6931
1995	67	33	100	6500
1994	51	27	78	7071

Veiðin í Miklavatni var góð sumarið 1996. Bleikjuveiðin óx um tæp 30 % milli ára, en laxveiðin hélst svipuð (Tafla 2). Hins vegar óx veiðiálagið heldur og afli í lögn óx því minna í bleikjunni eða um 20 %, en drógst saman um 11 % milli ára í laxinum. Laxveiðin skiptist þannig að um 85 smálaxar veiddust en stórlaxaveiðin varð 27, eða um 24 % af heildinni.

Tafla 2. Veiði og veiðiálag í netaveiðinni í Miklavatni sumurin 1994-1996*.

Ár	Heildarveiði			Fjöldi lagna	Veiði í lögn		
	lax	urriði	bleikja		lax	urriði	bleikja
1996	112	0	4334	460	0.24	-	9.4
1995	115	1	3349	423	0.27	-	7.9
1994	137	5	3660	485	0.28	-	7.5

* Upplýsingar vantar um veiði frá Vík öll árin og frá Efra Haganesi í árið 1994.

Sumarið 1994 var sleppt í Fljótaá rúmlega 6200 gönguseiðum og sumarið 1995 rúmlega 11800 gönguseiðum. Seiðin voru öll af stofni árinna og var þeim sleppt í sleppitjörn sem er neðarlega í Vesturkvíslinni. Um 2000 seiði sem sleppt var 1994 voru örmerkt, en seiðin sem sleppt var 1995 voru öll ómerkt. Ætlunin var að styðjast við merkingar til að meta árangur sleppingarinnar 1994, en einungis eitt merki úr smálaxi sem veiddist í Miklavatni sumarið 1995 kom fram. Sumarið 1996 var trjónu af einum veiðiuggaklipptum stórlaxi skilað úr veiðinni í Miklavatni og er líklegt að hann sé úr sömu sleppingu, en greining merkis liggur ekki fyrir þegar þetta er ritað. Veiðimenn virðast vera lítt vakandi fyrir merkjum og gefa merkjaheimtur því tæplega raunhæfa mynd af árangri gönguseiðasleppinga.

Uppruna laxa má einnig ákvarða út frá greiningu hreistursýna. Um þrír af hverjum fjórum smálöxum sem veiddust í Miklavatni og Fljótaá sumarið 1995 reyndust vera úr gönguseiðasleppingu eða frá seiðum sem sloppið höfðu úr eldi (Tumi Tómasson 1995). Ef við áætluðum að 80 % laxveiðinnar úr Miklavatni hafi verið smálax þá hafa alls veiðst á árinu 1995 um 120 smálaxar sem rekja má til eldisseiða. Séu þeir allir úr sleppingu 1994 þá er um að ræða 1.9 % heimtur af smálaxi. Hreistursýni úr veiðinni 1996 sýna að stór hluti veiddra stórlaxa var af eldisuppruna þótt það hlutfall sé nokkuð lægra en samsvarandi hlutfall smálaxa sumarið 1995 (Tafla 3). Þetta er eðlilegt því eldisgönguseiði virðast almennt hafa meiri tilhneigingu til að snúa aftur sem smálax heldur en villt seiði. Samkvæmt þessum niðurstöðum voru um 23 veiddra stórlaxa sumarið 1996 af eldisuppruna. Séu þeir allir úr sleppingu gönguseiða í Fljótaá sumarið 1994 gætu heildarheimtur úr þeirri sleppingu numið 2.3 %.

Mikill meirihluti smálaxa sem veiddust í ánni og vatninu sumarið 1996 voru af eldisuppruna, eða alls um 83 laxar. Séu þeir allir úr sleppingu 11845 gönguseiða sumarið 1995 eru heimtur nú komnar upp í 0.7 % áður en stórlaxinn er kominn fram. Hverjar heildarheimturnar geta orðið kemur í ljós eftir sumarið 1997.

Tafla 3. Niðurstöður aldursgreiningar hreistursýna af löxum veiddum í Miklavatni og Fljótaá sumarið 1996.

Ár í ferskvatni	Fljótaá				Miklavatn			
	smálax fj.	%	stórlax fj.	%	smálax fj.	%	stórlax fj.	%
1	13	72	3	27	25	50	10	55
2	-	-	-	-	5*	10	-	-
3	-	-	2	18	-	-	3	17
4	3	17	6**	55	12	24	5	28
5	2	11	-	-	3	6	-	-
Samtals	18	100	11	100	50	100	18	100

* Þessir laxar eru hugsanlega úr sleppingu 1995, en gætu einnig verið úr gönguseiðasleppingu 1994, en hafa þá dvalið heilt ár í ánni áður en þeir gengu til sjávar. Einnig er mögulegt að þeir hafi sem seiði sloppið úr seiðaeldisstöð Miklax h.f. áður en eldi lagðist þar af.

** Þar af var einn lax að koma til hrygningar öðru sinni.

Ástand seiðastofna

Rafveitt var í ánni 3. júlí 1996 til að kanna útbreiðslu, þéttleika og þrif seiðaárganga lax og bleikju. Veitt var á sex stöðum í ánni og voru sömu staðir valdir til veiðanna og á undanförunum árum, enda er talið að veiði þar gefi raunhæfa mynd af ástandi seiðastofna árinna. Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Myndum 1 og 2 og í Töflu 4.

Tafla 4. Þéttleiki veiddra seiða í rafveiðum í Fljótaá 3. júlí 1996 eftir tegund og aldri.

Staður	Stærð (m ²)	Fjöldi veiddra seiða á hverja 100 m ²					
		lax	bleikja				
		1+n	1+ss/2+	1+ss/3+	0+	1+	eldri
f. o. virkjun	50x1	-	-	2.0	22.0	58.0	40.0
Bakkavað	30x13	0.3	4.9	-	10.0	7.2	3.6
Vesturkvísl	50x2	-	22.0	-	1.0	15.0	4.0
Neðri virkjun	40x3	1.7	5.0	0.8	1.7	5.0	3.3
Molastaðir	50x11	0.4	3.8	4.4	1.0	1.6	-
Bjarnargil	50x5	-	4.8	3.2	3.2	2.8	0.8

Einungis eitt laxaseiði veiddist í árfarveginum fyrir ofan efri virkjunina og ekkert úr sleppingunni 1995, þótt þar hafi þá verið sleppt seiðum. Því er greinilegt að rennsli er of lítið að staðaldri í gamla farveginum til að lax geti keppt þar við bleikju um búsvæði.

Að öðru leyti var uppistaðan í veiði laxaseiða seiði úr sleppingu småseiða í ágúst 1995. Öll laxaseiði utan eitt sem veiddist við Bakkavað og öll laxaseiðin sem veiddust í Vesturkvíslinni voru úr þessari sleppingu, en neðar var um að ræða blöndu seiða úr sleppingu og seiða úr náttúruklaki í ánni. Fór hlutfall sleppiseiða lækkandi eftir því sem neðar dró og voru seiði úr náttúruklaki í meirihluta á neðsta staðnum, þ.e. við Bjarnargil. Þetta er mjög í samræmi við niðurstöður athugana sumarið 1995 og dreifingu sleppiseiða það sumar.

Einungis fimm 1+ laxaseiði úr náttúruklaki fengust í rafveiðunum. Svo virðist sem þessi árgangur sé lítill og að útbreiðsla hans takmarkist að mestu leyti við neðri hluta laxasvæðisins. Laxaseiðin voru vel á sig komin og greinilegt að nóg fæða var fyrir þau í ánni. Því var ákveðið að sleppa sumaröldum seiðum í efri hluta árinna og 27. ágúst var sleppt í ána 4000 seiðum af Fljótaárstofni. Seiðin voru mjög misstór, frá 5 til 11 cm að lengd.

Mjög mikið veiddist af bleikju í rafveiðunum og voru þó ekki allar háfaðar upp sem sáust, einkum á efri stöðunum þar sem mest var um bleikju. Var þar annars vegar um að ræða 0+ og 1+ seiði úr náttúruklaki í ánni og hins vegar eldri bleikju, aðallega 11 til 18 cm langa og komna úr Stífluvatni. Þetta er að hluta til fullorðin bleikja þótt smá sé. Ekki er vitað hvað um hana verður, hvort hún gangi niður í Miklavatn og og taki vaxtarsprett, eða hvort hún drepist í ánni. Nauðsynlegt væri að taka sýni af bleikjum úr vatninu og þessari bleikju ef mönnum leikur hugur á að vita meira um hlutverk hennar í vistkerfinu og veiðunum og þá helst að merkja nokkur hundruð småbleikjur einnig.

Þegar rafveitt var varð vart við mikið hvítt slý í ánni. Tekin voru sýni og þau send til greiningar. Reyndist hér vera um kísilþörung að ræða sem fyrst varð vart hérlandis í Borgarfjarðaránum fyrir nokkrum árum. Hann myndar langar greinar og lítur helst út eins og ullarlagður þegar vatninu hefur verið undið úr honum og hefur því verið kallaður flóki upp á íslensku. Hann er nánast hvítur að sjá snemma sumars, en verður síðan dekkri þegar aðrir þörungar setjast á hann. Flóki er mjög til óþæginda fyrir veiðimenn, en ekki er vitað hvaða áhrif hann hefur á uppeldisskilyrði fyrir seiði. Bitmý sem fyrir 1994 var einkennisdýr Fljótaár og helsta fæðudýr laxaseiða náði sér vel á strik sumarið 1996, þrátt fyrir að flóki væri kominn um alla á.

Brúnastaðaá var einnig skoðuð. Hún er einungis fiskgeng nokkur hundruð metra og eru uppeldisskilyrði fremur rýr á fiskgenga hlutanum, því botninn er fremur óstöðugur í gílinu og þess utan er áin mjög köld. Þar hrygnir þó bleikja og fundust fjórir árgangar seiða í rafveiðum þar. Áin var einnig skoðuð fram á dal. Þar er allt umhverfi vel gróið og áin greinilega frjósamari en neðar. Að sögn Þorsteins á Helgustöðum voru lækr og síki við ána fullir af litlum silungi í gamla daga. Rafveitt var á um 100 m kafla, en engin seiði fengust og virðist svæðið nú vera fisklaust. Botndýralíf var hins vegar með ágætum og þetta svæði gæti því vel fóstað bleikju. Með því að flytja klakfisk upp fyrir fossa eða sleppa þar bleikjuseiðum mætti nýta þetta svæði til uppeldis og þar með auka bleikjugengd á svæðinu.

Umraeða

Svo virðist sem gönguseiðasleppingar sumarið 1994 hafi skilað góðum árangri. Þótt gönguseiðasleppingar 1995 hafi skilað mun lakari árangri verður hann þó að líkindum innan þeirra marka sem teljast ásættanleg miðað við reynslu af slíkum sleppingum Norðanlands (1-3 %). Þetta mat byggir þó á greiningu hreistursýna og hugsanlegt er að seiði sem hafi sloppið úr eldi geti hafa skekkt niðurstöðuna þannig að heimtur virðist betri en þær raunverulega eru. Tiltölulega lítil minnkun í laxveiði milli ára í Miklavatni og smálax þar með því að virðist tveggja ára ferskvatnsaldur gæti bent til þess, en slíkt fannst ekki í sýnum af löxum sem veiddir voru í ánni.

Sumarið 1996 var aftur sleppt töluverðu magni af gönguseiðum í Fljótaá og kostuði Rafmagnsveitur ríkisins örmerkingu um 4000 seiða. Var merkingunni skipt í fjóra hópa og var tveimur sleppt í nýja sleppitjörn við Bjarnargil og hinum tveimur á sama stað og undanfarandi ár. Mikilvægt er að vel verði fylgst með merktum löxum í veiðinni sumarið 1997 svo meta megir með óyggjandi hætti hve stór hluti skilar sér og hvaða áhrif sleppistaður hefur á endurheimtur.


Greinilegt er að lax er enn ekki búinn að ná sömu fótfestu í Fljótaá og hann hafði fyrir 1994. Mikil mól sem skreið niður árfarveginn þegar hleypt var út um botnlokuna í júní 1995 og eru botnefni því enn laus í sér, einkum ofan til í ánni. Lax virðist ekki geta komið upp klaki þar við núverandi aðstæður. Bleikjan er betur hæf til að nýta sér óstöðugt umhverfi og mikið magn bleikjuseiða ofan til í ánni ber m.a. vitni um litla samkeppni frá laxinum.

Slepping smáseiða sumarið 1995 tókst vel og laxaseiðauppeldi í Fljótaá sumarið 1996 var af stórum hluta úr þessari sleppingu og var alsráðandi ofan til í ánni. Til að framleiðslugeta árinna fyrir lax nýtist sem best er áfram þörf á að fylgjast með seiðabúskap hennar þar til eðlileg skilyrði fyrir lax komast á að nýju.


Heimildir

Tumi Tómasson 1994. Athugun á Fljótaá 1994. Skýrsla Veiðimálstofnunar, VMST/N-94011, 8 bls.

Tumi Tómasson 1994. Fljótaá 1995. Skýrsla Veiðimálstofnunar, VMST/N-95011, 8 bls.



Mynd 1. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fljótaá 3. júlí 1996. Staður 1 er ofan efri virkjunarinnar, staður 2 á Bakkavaði, staður 3 í Vesturkvísl, staður 4 fyrir neðan neðri virkjunina, staður 5 niður undan Molastöðum og staður 6 fyrir neðan Bjarnargil. Aldur er gefinn upp í árum, “n” merkir að seiði séu úr náttúruklaki og “s” að þau séu úr seiðasleppingu.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fljótaá 3. júlí 1996. Staður 1 er ofan efri virkjunarinnar, staður 2 á Bakkavaði, staður 3 í Vesturkvísl, staður 4 fyrir neðan neðri virkjunina, staður 5 niður undan Molastöðum og staður 6 fyrir neðan Bjarnargil. Aldur er gefinn upp í árum, eldri seiði eru 11-18 cm langar bleikjur sem hafa komið ofan úr Stífluvatni.